



Skólaráðsfundur 8.október 2014

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, Ólafur Eyjólfsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Gabríel Sindri Möller formaður nemendafélags skólans, Hera Sóley Sölvadóttir varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Redife Dino Osmani fulltrúi foreldra boðaði forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti fulltrúa skólaráðs og fór yfir hlutverk þeirra og skólaráðs.
2. Guðný Karlsdóttir fór yfir hvernig skólanámskrá Njarðvíkurskóla skiptist í 3 hluta, þ.e. almennan hluta, starfsáætlun og bekkjarnámsskrár og hvar þessi skjöl væru aðgengileg á heimasíðu skólans. Síðan fór hún yfir helstu atriði starfsáætlunar skóla fyrir skólaárið 2014-2015 en fundarmenn höfðu fengið starfsáætlunina til yfirlstrar í tölvupósti með fundarboði. Ásgerður lagði svo starfsáætlun fram til samþykktar og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum með undirskrift. Starfsáætlunin verður svo send til fræðsluráðs Reykjanesbæjar til samþykktar.
3. Ásgerður ræddi um málefni skólahjúkrunar við skólann en ekki hefur fengist skólahjúkrunarfræðingur til starfa við skólann fyrir þetta skólaár sem er mjög bagalegt. Ásgerður upplýsti fundarmenn um að hún er búin að óska eftir því að yfirmaður skólahjúkrunar á HSS fundi með skólastjórn um hvað sé til ráða en skólahjúkrun í grunnskólum er lögboðið.
4. Ásgerður sagði frá því að mikið væri verið að leita til skólans um kynningar á ýmsum verkferlum sem kennarar hér vinna eftir og Ásgerður er meðal annars að kynna fyrir skólafólki á Ísafirði í þessari viku. Þessir verkferlar hafa bætt mjög svo skólastarfið hjá Njarðvíkurskóla svo eftir því er tekið í skólasamfélaginu.
5. Ásgerður sagði frá erindi sem hún sendi fræðsluráði Reykjanesbæjar um að Háaleitisskóli bæti við sig einum bekk á ári þannig að unglingar frá Ásbrú komi ekki í Njarðvíkurskóla þar sem það veldur stórum bekkjarstærðum á unglिंगastigi, vandræðum með fjölda í vali. Ásgerður fór einnig yfir hvernig við höfum breytt skipulagi á kennslu á unglिंगastigi, t.d. með því að vera með 3 kennsluhópa í íslensku og stærðfræði og auka kennara í tungumálum í fjölmennustu hópunum.
6. Önnur mál:
 - a. Kristján Granz spurði hvernig væri staðan á forfallakennslu. Ásgerður svaraði því að það væru einhverjir á lista og reynt sé að manna það sem hægt er.
 - b. Næsti fundur verður í nóvember og verður þá farið yfir Sjálfsmatsskýrslu skólans, jafnréttisáætlun og niðurstöður samræmdra prófa hjá 4., 7. og 10. bekk.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri